

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Nýtt deiliskipulag fyrir Suðurbæ sunnan Hamars.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 28. maí 2014 nýtt deiliskipulag fyrir Suðurbæ sunnan Hamars. Málsmeðferð var skv. 41. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Breytt skipulagsmörk fyrir deiliskipulag á reit 4.1 Lækjargata – Hamar.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 23. maí 2014 breytingu á deiliskipulagsmörkum fyrir reit 4.1 Lækjargata – Hamar. Málsmeðferð var skv. 41. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Breytt skipulagsmörk deiliskipulags fyrir Öldugötu, Öldutún 2-6, Ölduslóð 1-10 og 12 og Hringbraut 1-15.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 23. maí 2014 breytingu á deiliskipulagsmörkum fyrir deiliskipulag Öldugötu, Öldutúns 2-6, Ölduslóðar 1-10 og 12 og Hringbrautar 1-15. Málsmeðferð var skv. 41. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Breytt skipulagsmörk fyrir deiliskipulagið „Hafnarfjörður miðbær 1981“.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 23. maí 2014 breytingu á mörkum deiliskipulagsins „Hafnarfjörður miðbær 1981“. Málsmeðferð var skv. 41. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 19. júní 2014.

Bjarki Jóhannesson,
sviðsstjóri/skipulags- og byggingarfulltrúi.